



Sál3C05

Námsáætlun, Vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Aron Tómas Haraldsson

Netfang/netföng:

aron.haraldsson@borgo.is

Lýsing:

Áfanginn snýst um greiningu á sálfræði kvikmynda. Vandlega er farið í kvikmyndir sem taka sérstaklega á sálfræðilegum þáttum. Ákveðnar kvikmyndir eru skoðaðar og eiga nemendur að greina myndirnar út frá sálfræðilegum viðfangsefnum. Nemendur eiga t.d. að tengja stefnur sálfræðinnar við persónur í myndunum og sjá tenginguna við mismunandi undirgreinar sálfræðinnar. Hver verkþáttur tekur eina til tvær vikur þar sem ein mynd er vandlega greind. Dæmigerðir efnisþættir eru einstaka geðraskanir, meðferðir, stofnanir, staðalmyndir, fordómar, hóphegðun, múghegðun, heilinn, minnið, minnisleysi, þroski, afbrot, sálfræði afbrota, hugarþjálfun í íþróttum, markmiðssetning, virk skilyrðing, viðbragðsskilyrðing og margt fleira. Áfanginn tekur fyrir ákveðnar undirgreinar eins og klínísk sálfræði, réttarsálfræði, íþróttasálfræði, þroskasálfræði, félagssálfræði og hugræna sálfræði svo eitthvað sé nefnt. Þetta er símatsáfangi sem byggir á vikulegum verkefnum og er próflaus.

Þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið:**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- helstu kvikmyndum sem taka af alvöru á sálfræðilegum málum.
- nokkrum helstu tegundum kvikmynda og þeirri sálfræði sem þar er á bakvið.
- nokkrum grunnþáttum kvikmyndalistarinnar, sérstaklega handritum, hlutverkum og leikstíl.
- á umfangi þess vandamáls sem kennt er hverju sinni.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina sálfræðileg viðfangsefni í kvikmyndum.
- bera kvikmyndir saman út frá sálfræðilegri nálgun þeirra.
- finna fleiri kvikmyndir sem kynna sama þema og tekið er fyrir í áfanganum.
- gagnrýna það hvernig kvikmyndir mistúlka sálfræðileg viðfangsefni.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta sérstöðu kvikmyndamiðilsins sem metið er með umræðum og hópverkefnum.
- aðgreina ólíkar tegundir kvikmynda út frá nokkrum grundvallaratriðum sem metið er með hópvinnu.
- yfirfæra yfir á aðrar myndir ákveðin sálfræðileg þema sem metið er með greiningarverkefnum og hópvinnu.
- vega og meta það sem er rétt og rangt um sálfræðileg viðfangsefni í kvikmyndum.
- vinna úr einni kvikmynd í hópvinnu og koma frá sér sálfræðilegum viðfangsefnum myndarinnar munnlega með fyrirlestri. (*)
- beita hugtökum sálfræðinnar á markvissan hátt og geta tengt þau við raunveruleg atriði í lífi einstaklings eða samfélaginu (*)



Námsmat:

A) Ástundun (Virgni í tímum, umræðum og verkefnaskil almennt):	10%
B) Upphafsverkefni – Stefnur og undirgreinar sálfræðinnar	5%
C) Vinna öll þessi kvikmyndaverkefni sem gilda hvert um sig:	
Mynd Klínísk sálfræði (Geðsálfræði)	10%
Mynd Félagssálfræði	10%
Mynd Atferlissálfræði	5%
Mynd Réttarsálfræði	5%
Mynd Íþróttasálfræði	5%
Frjálst val á kvikmynd (munnlegt verkefni)	10%
Myndirnar Compliance og The Experimenter	10%
D) Hópverkefni Virk skilyrðing	5%
E) Lokaverkefnið Kvikmynd + Viðfangsefni + Kynning	15%
F) Spurningakeppni	10%

100%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Rík áhersla er lögð á **ástundun, mætingu, umræður og virkni** í áfanganum þar sem þetta er símatsáfangi án prófs og nemendur skila inn verkefnum í tengslum myndir sem sýndar eru í tímum. Nemandi þarf að skila öllum verkefnum og þarf að meðaltali 4,5 úr öllum hlutum áfangans til að standast hann.

Ef nemandi mætir ekki í tíma þegar kvikmynd er sýnd þá verður hann að horfa á hana heima.

Ástundun nemanda skiptir miklu máli í áfanganum og mun hún veða 10%. Ástundunin byggist á virkni í tímum og virkni í umræðum.

Lokaverkefnið er stjörnumerkt og tengt tveimur hæfniviðmiðum áfangans sem þýðir að það er skylduverkefni og nauðsynlegur námsþáttur til að standast áfangann. Nemendur þurfa einkunnina 5 úr því verkefni til að standast áfangann.

Mikilvægt er að vera ávallt í tímum þegar kennari kemur með innlögnum áður en myndin er sýnd. Innlagnartímar verða í fyrsta tíma hvers tímabils.

Ef nemandi verður uppvís af því að nýta sér verkefni eða svör (ein setning nóg) annarra nemenda þá fær hann 0 fyrir það verkefni ásamt mögulegum öðrum viðurlögum.

Námsgögn:

Allt lesefni er inn á INNU eða í ljósritum frá kennara.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanga og námsáætlun	
2	9.-13. janúar	Sálfræði í kvikmyndum Tegundir kvikmynda	Upphafsverkefni 10%
3	16.-20. janúar	Klínísk sálfræði	Verkefni 10%
4	23.-27. janúar	Félagssálfræði	
5	30. jan- 3. febrúar	Félagssálfræði	Verkefni 10%
6	6.-10. febrúar	Námssálfræði (Atferlisstefnan)	Hópverkefni Virk sk. 5% Skóhlífadagur
7	13.-17. febrúar	Námssálfræði (Atferlisstefnan)	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Námssálfræði (Atferlisstefnan)	Verkefni 5% Vorannahlé
9	28. febrúar- 3. mars	Íþróttasálfræði	Verkefni 5%
10	6.-10. mars	Réttarsálfræði	Verkefni 5%
11	13.-17. mars	Lokaverkefnið	
12	20.-24. mars	Lokaverkefnið	Vörðuvika II
13	27.-31. mars	Lokaverkefnið (kynningar)	Kynna lokaverkefnið 15% Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Frjálst val á kvikmynd – Undirbúningur fyrir munnlegt verkefni	
16	17.-21. apríl	Munnlegt verkefni úr frjálsri kvikmynd	Munnlegt verkefni 10% Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	MYNDIRNAR Compliance og The Experimenter - Félagssálfræði	
18	1.-5. maí	MYNDIRNAR Compliance og The Experimenter - Félagssálfræði	Verkefni Compliance og The Experimenter 10%
19	8.-12. maí	Spurningakeppni úr efni áfangans	Spurningakeppni 5%
20	15.-16. maí		Síðasti kennsludagur Vörðuvika III Ástundunareinkunn 10%

Tímaáætlun og námsmat er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.